

Ed.

424. Frumvarp til laga

[157. mál]

um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 345 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Skólastjórn er skipuð skólastjóra og föstum kennurum skólans, og skal starfs-
svið hennar nánar ákveðið í reglugerð.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins. Þeir skulu
skipaðir af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum fræðsluráðs.

Um launakjör og kennsluskyldu skólastjóra og kennara fari eftir ákvæðum
laga nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

11. gr. hljóðar svo:

Skólastjóri ræður stundakennara og aðra starfsmenn skólans, samkvæmt nán-
ari ákvæðum í reglugerð.

13. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir einn allan kennslu- og rekstrarkostnað, er af kennaradeild-
unum leiðir.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara.

Nú eru fastir kennarar skólans færri en heimilt er samkv. 10. gr., og greiðir
þá ríkissjóður stundakennslu, sem því nemur, að fullu.

Kostnaður við stundakennslu umfram það, sem fram er tekið í 3. mgr. þessarar
greinar, svo og annar kostnaður við rekstur skólans, að frádregnum tekjum, skiptist
að jöfnu milli ríkissjóðs og borgarsjóðs.